


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 3	Áfangaheiti LOKXS24 Kennsluáætlun vorönn 2014	

Kennari	Inga Dís og Sigrún Fanney	Sk.st.	IDÁ og SFS
----------------	---------------------------	---------------	------------

Námsgrein: Náms- og starfsfræðsla, lífsleikni, samfélagsfræði og heilbrigðisfræði.

Viðfangsefni: Náms- og starfsleiðir eftir starfsbraut, búsetuform, áhugasvið, undirbúningur fyrir útskrift, heimilisbókhald, heilsusamlegt líferni og virkni í samfélaginu.

Framhaldsskólaeiningar: Áfanginn er 4 einingar.


Ekki er unnt að miða við framhaldsskólaeiningar heldur gamlar einingar. Ástæða þess er að erfitt er að meta fein - einingar á starfsbraut fyrir nemendur með fötlun þar sem fein einingar byggjast á sjálfstæðri vinnu utan skóla sem nemendur á starfsbraut hafa ekki kost eða möguleika á.

Þrep: Áfanginn er á fyrsta hæfniprepi.

Ítarlegri upplýsingar - Lýsing:

Í áfanganum fá nemendur fræðslu um þá möguleika sem bjóðast að loknu námi á starfsbraut varðandi frekara nám, störf og áhugamál. Fjallað verður um sjálfstæða búsetu svo sem mismunandi búsetuform, færslu heimilisbókhalds, áætlanir um matarinnkaup, skipulagningu heimilishalds og fleira tengt því. Heilsusamlegt líferni verður til umfjöllunar og sá ávinningur sem felst í því. Þá er fjallað um réttindi, ábyrgð og skyldur einstaklinga sem borgara og þátttakenda í lýðræðissamfélagi. Einnig verður fjallað um þátt stéttarfélaga og hlutverk þeirra í samfélaginu og nemendur læra að lesa og skilja launaseðla og hvar sé hægt að nálgast þá sem og upplýsingar um þá. Að auki undirbúa nemendur útskrift að vori og sameiginlegt ferðalag.

Forkröfur: Nemandi þarf að vera á 8. önn á starfsbraut.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti LOKXS24 Kennsluáætlun vorönn 2014	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		

Viðmið

Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu og skilning** á:


- hvað það þýðir að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi
- hvað þurfi til að búa í sjálfstæðri búsetu
- hvaða möguleika hann hafi til frekara náms
- hvar hann leitar eftir starfi og hvaða leiðir hann hefur til að fá það starf sem hann óskar eftir
- mikilvægi frístundastarfa og félagslegrar virkni
- heilsusamlegu líferni

Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- halda heimilisbókhald
- gera áætlanir um innkaup
- framkvæma þrif á heimili
- leita eftir upplýsingum um opinbera þjónustu s.s á netinu
- afla sér upplýsinga varðandi launaseðla og því tengdu
- lesa innihaldslýsingar með tilliti til hollustu og góðrar heilsu

Nemandi skal geta **hagnýtt** þá almennu **þekkingu og leikni** sem hann hefur aflað sér til að:

- meta möguleika sína hvað varðar nám, atvinnu og áhugamál
- skipuleggja heimilishald hvort sem er einn eða með öðrum
- nýta sér tómstunda- og félagsstörf
- búa til eigin ferilskrá hvort sem er einn eða með öðrum
- njóta samveru og líðandi stundar
- lifa heilbrigðu lífi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Áfangaheiti LOKXS24 Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat:

- kynning á áhugamálum, félagsstörfum, námi og atvinnulífinu (viðtöl, glærur, myndbönd, ljósmyndir o.fl.)
- sjálfsmat og jafningjamat
- vinnubók – ferilskrá
- ástundun, mætingar og virkni.

Áfanginn er S//F

Dagsetning

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengil